

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta HÍ 2024

Anna Lára Grétarsdóttir brautskráðist frá Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu í vor og var dúx skólans með hreina tíu. Hún hlaut fjölmargar viðurkenningar við útskrift, þar á meðal Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Anna Lára sigraði í þýskubraut framhaldsskólanna í ár og þá er hún í Fókus sigursveit Músíktilrauna í fyrra, Fókus, auk þess sem hún var valin hljómborðsleikari Músíktilrauna. Anna Lára var auk þess forseti Nemendafélags FAS á lokaári sínu. Anna Lára hefur hafið nám í lífeindafræði.

Álfrún Lind Helgadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík sem dúx skólans í vor. Við útskrift fékk hún m.a. viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í lífrænni efnafræði, ensku og líffræði. Á menntaskólaárunum tók hún þátt í Nordplus-verkefni um norrænar glæpasögur og kvikmyndir. Álfrún hefur hafið nám í læknisfræði.

Embla Sól Óttarsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í líffræði og viðurkenningu fyrir ágætiseinkunn. Hún lét mikið að sér kveða í félagslífi MH ásamt því að sinna hlutastarfi með skóla. Embla Sól hefur mikinn áhuga á verkfræði og hefur innritast í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ.

Eygló Hildur Ásgeirsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum í Kópavogi í fyrra og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur á afrekssviði skólans. Eygló hefur stundað hestamennsku frá unga aldri og keppt í hestaíþróttum með góðum árangri. Náttúra Íslands hefur lengi heillað hana og í menntaskóla kviknaði mikill áhugi á jarðvísindum. Því hefur Eygló hafið nám í jarðfræði.

Eowyn Marie Albuo Mamalias brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í desember 2023. Eowyn hefur æft bogfimi í sjö ár og er í landsliðinu í greininni og hefur háleit markmið um að komast í fremstu röð í heiminum. Hún hefur mikinn áhuga á íþróttum og mannlíkamanum og hefur hafið nám í geislafræði.

Gabríela Albertsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og var dúx skólans. Hún fékk auk þess viðurkenningu fyrir ágætan árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Hún æfði fimleika um árabíl og tók virkan þátt í félagslífinu í MH. Gabríela hefur áhuga á að þróa nýjungar í læknisfræði í framtíðinni og hefur því innritað sig í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskóla Suðurlands í lok árs 2002 og var þá dúx skólans. Hún hlaut fjölmargar viðurkenningar við útskrift, m.a. fyrir góðan árangur í íslensku, tungumálum og félagsgreinum. Hún tók þátt í leiklistarstarfi FSu en frá útskrift hefur Guðmunda unnið á leikskóla. Þar kviknaði áhugi hennar á að vinna með börnum í framtíðinni og Guðmunda hefur því innritast í grunnskólakennslu yngri barna.

Helga Kolbrún Jakobsdóttir brautskráðist í vor frá Menntaskólanum á Egilsstöðum með framúrskarandi árangri en á menntaskólaárunum dvaldi hún m.a. sem skiptinemi í Tékklandi. Helga hefur lært á fiðlu frá því að hún var lítil og státar af miðprófi í fiðluleik. Þá hefur hún leikið

með Sinfóníuhljómsveit Austurlands og ýmsum litlum strengjahljómsveitum. Helga hefur innritast í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Helga Viðarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri í júní 2023 og var semidúx skólans. Hún hefur enn fremur lokið miðprófi í rytmískum söng frá Tónlistarskólanum á Akureyri og þá æfði húnknattspyrnu í mörg ár með Þór/KA. Helga er innrituð í læknisfræði við Háskóla Íslands og hún hefur mestan áhuga á erfðalækningum og barnalækningum.

Herdís Pálsdóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í fyrra og fékk m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í frönskunámi. Hún var mjög virk í félagslífi Kvennó, sat í nefndum og ráðum, og þá á hún að baki margra ára nám á franskt horn. Herdís hefur innritast í íslensku.

Hildur Vala Ingvarsdóttir útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í stærðfræði, eðlisfræði, sagnfræði og efnafræði. Hún náði afar góðum árangri í Stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og var meðal 15 framhaldsskólanna sem tóku þátt í norrænu stærðfræðikeppninni fyrr á árinu. Hildur Vala hefur enn fremur lokið framhaldsprófi í fiðluleik. Hildur hefur hafið nám í stærðfræði með eðlisfræði sem kjörsvið.

Inga Rakel Aradóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 2023 og við útskrift hlaut hún viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Samhliða skóla hefur hún æft íshokki með Skautafélagi Akureyrar og státar af fjölmörgum Íslandsmeistaratitlum í greininni. Hún hefur enn fremur átt fast sæti í kvennalandsliðinu í íshokki í þrjú ár og í fyrravetur reyndi hún fyrir sér í íshokki í Danmörku. Inga hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Ingibjörg Ólafsdóttir útskrifaðist sem stúdent frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 2023 og hlaut við útskrift viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku og þar að auki Stúdentspennann fyrir bestu stúdentsritgerðina. Á Kvennaskólaárunum tók hún einnig virkan þátt í félagsstarfi skólans. Þá státar hún af yfir tíu ára námi í fiðluleik og hefur tekið þátt í verkefnum Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna. Ingibjörg hefur hafið nám í fornleifafraeði.

Ingunn Guðnadóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og var semidúx skólans. Hún hlaut einnig verðlaun fyrir góðan árangur í íslensku og raungreinum. Ingunn á enn fremur að baki margra ára nám í þverflautuleik og hún hefur æft körfubolta af kappi frá unga aldri með Þór Þorlákshöfn. Ingunn hefur innritast í lífeindafræði.

Jóanna Marianova Siarova lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Hún hlaut við útskrift viðurkenningar fyrir árangur í íslensku og líffræði og ágætiseinkunn á stúdentsprófi auk iðni, siðprýði og framfara. Hún vann sér inn sæti í Ólympíuliðinu í líffræði í ár og þá var hún afar virk í félagslífi í MR, m.a. í nefndum og ráðum, húsbandi skólans og söngkeppni hans. Jóanna hefur hafið nám í læknisfræði.

Karina Olivia Haji Birkett brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í vor og hlaut viðurkenningar fyrir góðan námsárangur, þar á meðal fyrir hæstu einkunn kvenna í brautskráningarárópi, fyrir árangur í sögu og lokaverkefni sitt. Í verkefninu forritaði hún og

hannaði útlit á tölvuleik. Karinu langar að halda áfram á þeirri braut og læra meiri forritun með áherslu á gervigreind og hefur því innritast í tölvunarfræði.

Katrín Hekla Magnúsdóttir útskrifaðist sem dúx Kvennaskólans í Reykjavík í vor og hlaut auk þess verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur í stærðfræði og jarðfræði. Hún náði glæsilegum árangri í Eðlisfræðikeppni framhaldsskólanna í vor sem skilaði henni í landsliðið í greininni sem tók þátt í Evrópuleikunum í eðlisfræði í Georgíu í sumar. Þá á hún að baki langt píanónám og er enn fremur ein af lykilmönnum í meistaraflokki HK í handbolta. Katrín Hekla hefur innritast í verkfræðilega eðlisfræði.

Lilja Jóna Júlíusdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Ísafirði í vor og hlaut þá sérstök verðlaun frá Kerecis fyrir góðan námsárangur í líffræðigreinum. Samhliða námi lagði hún m.a. stund á píanónám og vann með skóla. Hún lagði mikla áherslu á náttúru- og raunvísindi í menntaskóla og hefur nú innritast í lífeindafræði.

Lúcia Sóley Óskarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund í vor og var dúx skólans. Hún fékk viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í íslensku, stærðfræði og þýsku og raungreinum. Lúcia hefur stundað fimleika í 12 ár og keppt um árabil í þeirri grein. Hún hefur hafið nám í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Magnús Máni Sigurgeirsson brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor en hann var annar af semidúxum skólans og hlaut m.a. verðlaun í eðlisfræði, íslensku, stærðfræði og þýsku. Samhliða stúdentsnámi lauk hann smáskipanámi í skipstjórn og vélstjórn. Magnús Máni lét mikið að sér kveða í félagslífi MA, m.a. í stjórn skólafélagsins og í Gettu betur liði skólans. Þá ávann hann sér sæti í landsliðinu í líffræði og keppti með því á Ólympíumótinu í greininni í Kasakstan í sumar. Magnús Máni hefur hafið nám í stærðfræði með áherslu á tölvunarfræði.

Malín Marta Eyfjörð Ægisdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 2022 og hlaut verðlaun fyrir árangur í ensku og frönsku. Hún var virk í félagslífi skólans en dans, leiklist og ritlist hafa spila stóra rullu í hennar lífi. Enn fremur var hún í Morfís-liði MA á lokaári sínu. Malín Marta hefur dvalið töluvert í Danmörku frá útskrift, bæði í lýðheilsuskóla og við dansnám og komst m.a. inn í dansnám í Copenhagen Contemporary Danceschool. Hugurinn leitaði hins vegar heim í nám í Háskóla Íslands þar sem hún hefur nú hafið nám í nýrri námsleið í blaðamennsku.

María Björk Friðriksdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í fyrravor og var dúx skólans. Hún hefur alla tíð haft mikinn á íþróttum og æfði lengi knattspyrnu með Þór og Þór/KA. Eftir að hafa kynnst sjúkrapjálfun hjá móðursystur sinni og sjálf leitað til sjúkrapjálfa vegna íþróttameiðsla heillaðist María Björk af greininni og hefur nú innritast í sjúkrapjálfunarfræði í HÍ.

María Margrét Gísladóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut meðal annars viðurkenningu fyrir afburðaárangur í efnafræði á stúdentsprófi og Stúdentspennann fyrir bestu lokaritgerðina. Á menntaskólaárunum dvaldi hún eitt ár sem skiptinemi í Houston í Texas og þá náði hún góðum árangri í þýskuþraut framhaldsskólanna og sigraði enn fremur í

landskeppninni í efnafræði í fyrravetur. Það tryggði henni sæti í Ólympíuliði Íslands í greininni og hún tók í sumar þátt í Norrænu efnafræðikeppninni í Ósló og Ólympíukeppninni í efnafræði í Sáði-Arabíu. María hefur hafið nám í efnaverkfræði.

Nazi Hadia Rahmani lauk stúdentsprófi frá Háskólabróu Keilis í vor en hún hafði áður lokið framhaldsskóla og einu ári í háskóla áður en hún flúði til Íslands frá Afganistan þegar Talibanar brutust til valda. Hadiu dreymir um að vinna sem lögfræðingur á Íslandi, helst við að aðstoða fólk, og hefur því innritast í lögfræði.

Ólafía Guðrún Friðriksdóttir var dúx Fjölbrautaskóla Suðurlands við brautskráningu í vor en hún útskrifaðist jafnframt með hæstu meðaleinkunn sem gefin hefur verið við skólann. Hún lék lengi knattspyrnu með Selfoss og samhliða námi í framhaldsskóla aðstoðaði hún við stoðkennslu í stærðfræði. Ólafía hefur lengi haft mikinn áhuga á jarðfræði og raungreinum og ákvað því að skrá sig í jarðeðlisfræði.

Ragna María Sverrisdóttir brautskráðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor sem dúx skólans með hreina tíu. Á menntaskólaárunum tók hún í landskeppnum framhaldsskólanna í stærðfræði, eðlisfræði og líffræði með mjög góðum árangri, sigraði t.d. í landskeppninni í eðlisfræði í ár. Hún fékk boð um sæti í Ólympíuliðunum í öllum þremur greinum en ákvað að fara á Ólympíuleikana í stærðfræði í Bath á Englandi í sumar. Ragna æfði bæði knattspyrnu og körfuknattleik með KR um margra ára skeið ásamt því að læra á klarinett. Hún hefur innritast í stærðfræði.

Sigrún Edda Arnarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor með afar góðum árangri. Hún æfði lengi ballett og lék og dansaði bæði í sjónvarpi og í leikhúsi. Þá hefur hún einnig æft áhaldafimleika frá fimm ára aldri og síðustu ár með meistarahópi Ármanns og keppt bæði á Íslandi og erlendis. Þá er hún með dómarapróf í fimleikum og hefur starfað við fimleikaþjálfun. Sigrún Edda hefur hafið nám í læknisfræði.

Sveinn Jökull Sveinsson brautskráðist frá Menntaskólanum að Laugarvatni í vor og fékk verðlaun við útskriftina fyrir framúrskarandi árangur í verklegri eðlisfræði og fyrir lokaverkefni. Hann tók m.a. þátt í kórastarfi ML og hefur lengi stefnt á háskólanám. Á endanum varð jarðfræði fyrir valinu og hefur hann hafið nám í þeirri grein.

Todor Miljevic brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Raungreinar og stærðfræði hafa lengi átt hug hans og í menntaskóla náði hann framúrskarandi árangri í landskeppnum í raungreinum. Það varð m.a. til þess að hann var valinn í bæði Ólympíuliðið í efnafræði og eðlisfræði. Á endanum varð síðarnefnda greinin fyrir valinu og tók Todor þátt í Evrópuleikunum í eðlisfræði í Georgíu í sumar. Todor hyggur á nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Tómas Böðvarsson brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í fyrravor sem dúx skólans með hreina tíu. Hann æfði handbolta og fótbolta á yngri árum og í menntaskóla tók hann þátt í tveggja ára ERASMUS+ verkefni með níu samnemendum mínum sem snerist um að efla þekkingu á lýðræði og þátttöku. Undanfarið ár hefur hann unnið á Keflavíkurflugvelli og tók

jafnframt þátt í verkefninu Change the World Model United Nations, nokkurs konar eftirlíkingu af Sameinuðu þjóðunum. Tómas hefur nú innritast í læknisfræði.

Unnur Björg Ómarsdóttir brautskráðist frá Menntaskóla Borgarfjarðar í vor og fékk viðurkenningar fyrir góðan námsárangur á stúdentsprófi og Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún virkan þátt í félagsstörfum í framhaldsskóla, m.a. í ritstjórn skólablaðsins, ásamt því að vinna með skóla öll þrjú árin. Unnur hefur hef alltaf haft mikinn áhuga á samfélaginu og mannlegri hegðun og því hefur hún innritað sig í félagsfræði.